# Töskur

Höfundur: Guðrún Einarsdóttir




**ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNARANS** *Verkefni í textílmennt fyrir 7. bekk*

*Verkefnið er að hanna og sauma tösku, veski, poka eða skjóðu. Þetta gæti t.d. verið pennaveski, snyrtitaska, poki fyrir íþróttadót, hliðartaska eða eitthvað annað sem þér dettur í hug.*





# Vinnulýsing fyrir nemendur



1. Byrjaðu á að ákveða hvernig tösku þú ætlar að sauma. Eru höldur á henni? Er hún fóðruð? Eru vasar á henni? Hvernig er henni lokað?

2. Teiknaðu hugmyndina á blað.



3. Gerðu þér grein fyrir stærð og settu málin inn á teikninguna (notaðu málband).

4. Búðu til snið úr pappír.

5. Veldu efni – athugaðu vel hvaða efni hentar best í töskuna (í fóður?).

6. Festu sniðið á efnið – klipptu.






7. Skreytingar – oftast er betra að skreyta áður en stykkin eru saumuð saman.

   Það er hægt að nota mismunandi aðferðir til að skreyta t.d:

   a) *Útsaum í vél eða höndum.*

   b) *Nota perlur og pallíettur.*

   c) *Ásaumur; klippa form út úr efni og sauma á efnið (t.d. fangamark).*

   d) *Klippa mynd út úr blaði, setja plast yfir og sauma í kring.*






8. Saumaðu stykkin saman.

9. Vandaðu allan frágang.



*Gangi þér vel!*